

# Starfsáætlun 2020-2021



Brynja Björk Kristjánsdóttir leikskólastjóri  
Rannveig Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

# Starfsáætlun 2020-2021



UM LEIKSKÓLANN	3
SKÓLASTARFIÐ – AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA - NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	6
FORELDRASAMSTARF	10
STARFSMENN	11
SAMSTARF	12
MAT OG MATSAÐFERÐIR	12
ÖRYGGISMÁL	13
MAT Á SKÓLASTARFI OG	
STARFSÁÆTLUN SÍÐASTA STARFSÁRS	14
MAT OG MATSAÐFERÐIR	15
UMBÓTAÁÆTLUN NÆSTA SKÓLAÁRS	20
LOKAORÐ	23

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað.

Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.



Barnasáttmáli  
Sameinuðu þjóðanna  
felur í sér alþjóðlega  
viðurkenningu á að  
börn þarfnist sérstakrar  
verndar umfram  
hina fullorönu.

## Um leikskólann

### Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Arnarsmári tók til starfa 7. janúar 1998 og er 5 deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma. Í leikskólanum eru samtals 84 börn. Heildarrými leikskólans er 627 m<sup>2</sup> og flatarmál lóðar er 4.666 m<sup>2</sup>. Heildarrými á hvert barn er 7,5 m<sup>2</sup> og lóðarrými 55.5 m<sup>2</sup>.

### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn varð að lögum 1990 og lögfestur hér á landi 2013. Barnasáttmálinn felur meðal annars í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorönu.

Í maí 2018 samþykkti Kópavogsbær að innleiða barnasáttmálann og komast þannig í alþjóðlegan hóp barnvænna sveitarfélaga. Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities. Markmið barnvænna sveitarfélaga er að bæta aðstæður barna og tryggja að ávallt sé tekið tillit til réttinda þeirra, við gerð stefna, áætlana, verkefna eða við aðra ákvarðanatöku. Barnasáttmálinn kallar á

ný viðhorf til barna og stöðu þeirra í samfélaginu þar sem lögð er áhersla á aukið lýðræði. Þar kemur fram hvernig skuli komið fram við börn og hvernig stuðla eigi að því að þau njóti alls þess sem þau þurfa til að vera hraust, ánægð, ábyrg og upplýst.

Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu. Með því að stuðla að jafnrétti er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

### Heimsmarkmið

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru víðtækustu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um. Þau eru margþætt og metnaðarfull og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að innleiða heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun í stefnu Kópavogsbæjar. Kópavogur verður fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða markmiðin með formlegum hætti. Leikskólar Kópavogs hófu innleiðingu heimsmarkmiða haustið 2019 og byggja stefnu sína á fimmtán markmiðum. Lagt er upp með að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við

að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Mikilvægt er að hver einstaklingur hugsi vel um sjálfan sig, umhverfi sitt og aðra.

Lagt er upp með að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir geta til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum.

### Lýðræði og jafnrétti

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið, það finni að á það sé hlustað, læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þróa á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

### Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Í Arnarsmára er starfað samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna.

**Uppbygging sjálfsgaga – Uppeldi til ábyrgðar** er uppeldisstefna sem starfað er eftir í Arnarsmára. Þessi stefna hefur mikinn samhljóm við starfið í skólanum og hafa allflestir kennarar skólans farið á námskeið í þessum fræðum.

Stefnan miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsgaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og ekki síst að börnin læri af mistökum í samskiptum og nái að vaxa af þeim. Að skapa aðstæður til að leiðrétta mistök sín og gera betur og snúa aftur til hópsins hugdjarfari en fyrr.

Markvisst er unnið með einkunnarorð skólans sem eru frumkvæði, vinátta og gleði.

*Frumkvæði* í hugsun, leik og starfi með því að ýta undir skapandi hugsun og sjálfshjálpar barnanna, þau leiti sjálf lausna í verkefnum og leysi deilur á jákvæðan hátt.

*Vinátta*, þá er átt við vinsemd, vingjarnlegheit, samkennd, samvinnu og samhjálpar og er markmiðið að kenna börnunum að laða fram hjá sér þessa þætti. *Gleði*, með því að ýta undir frumkvæði og vináttu og með því að hafa skýrar reglur þ.e. aga, þá verða börnin örugg um sig, það þýðir vellíðan og ánægju.



Uppbyggingarstefnan miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og ekki síst að börnin læri af mistökum í samskiptum og nái að vaxa af þeim. Markvisst er unnið með einkunnarorð skólans sem eru frumkvæði, vinátta og gleði.

Lýðræðisleg vinnubrögð og sveigjanlegt skipulag ýtir undir afslappaðra andrúmsloft og meiri gleði.

Í Arnarsmára iðka börn og kennarar dyggðir og tekin er fyrir ein dyggð á 5-8 vikna fresti


og lögð sérstök áhersla á hana. Dyggðirnar eru: *lögusemi, tillitssemi, heiðarleiki, agi og hlýðni, virðing, kurteisi og fyrirgefning.* Arnarsmárasólin inniheldur frumkvæði, vinátta og gleði og sendir frá sér geisla sem hver um sig er ein dyggð.

Unnið er með vináttuverkefni sem heitir **Blær** frá Barnaheillum sem er forvarnaverkefni gegn einelti í leikskólum. Það er gert með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnun. Þátttaka allra; barna, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist. Þetta er góð viðbót við vináttuna og dyggðirnar sem hefur verið rauður þráður í gegnum árin í Arnarsmára.

Haustið 2015 gerðist Arnarsmári **Sólblómaleikskóli**. Í því felst að leikskólinn styrkir eitt ákveðið barn í SOS Barnaþorpi eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun einu sinni á ári eins og og Arnarsmári hefur ákveðið að gera. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lifnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi. Elstu börnin, Gullmolarnir, útbúa bauk sem safnað er í allt skólaárið, t.d. alltaf þegar foreldrum er boðið í skólann, og fara svo með innihald

bauksins og afhenda á skrifstofu SOS-barnaþorpa.

**Útikennsla** er ríkur þáttur í starfi skólans en markvisst var byrjað með hana árið 2009. Öll námssviðin þ.e. *heilbrigði og vellíðan, læsi og samskipti, sköpun og menning og sjálfbærni og vísindi* eru fléttuð inn í útinámið. Einnig eru einkunnarorð skólans, dyggðirnar og þemað alltaf haft að leiðarljósi í útikennslu eins og í öllu námi barnanna í Arnarsmára.



### Þema

Leikskólaárinu er skipt upp í þematímabil sem eru eins frá ári til árs en að sjálfsögðu er efnið unnið á mismunandi hátt hverju sinni. Með þessu fæst góð hrynjandi í árið og eins er hægt að byggja sífellt ofan á fyrri reynslu.

Sept-Okt Náttúran, haustið og litirnir

Okt-Nóv Ég sjálfur og fjölskyldan

Desember Jólin

Jan-Mars Samfélagið fyrr og nú

Apríl-Maí Náttúran, vorið og húsdýrin

„Ég sjálfur“ er þema sem er alltaf í gangi með allra yngstu börnunum.

Fylgst er með náttúrunni allt árið.

## Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) eru tilgreindir sex grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið. Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum.

Námssvið leikskóla eru: Heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti.

### Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

- Áhersla er á hollt og næringarríkt fæði.
- Útivera er að minnsta kosti einu sinni á dag.
- Farið er í vettvangsferðir að minnsta kosti einu sinni í viku.
- Markviss hreyfing er einu sinni í viku fyrir hvern hóp.
- Áhersla er á góðar hreinlætisvenjur.

### Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

- Lesið og sungið er á hverjum degi.
- Þulur, vísur og frásagnir eru notaðar í starfinu með börnunum.

- Hljóðfæri eru til staðar sem hægt er að nýta.
- Fjölbreyttur efniviður er til myndsköpunar.
- Íslenskri menningu er viðhaldið með fjölbreyttum hætti.



### Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk leikskóla er að styðja við

fróðleiksporsta barna og átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

- Börnin fá tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Leikskólinn er Grænfánaskóli og því er aukin vitund um umhverfismennt og endurvinnslu.
- Verðlaus efniviður er flokkaður og nýttur.
- Vel er hugsað um leikskólann úti og inni.
- Frágangur og snyrtimennska eru í fyrirrúmi.

### Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnast tungumálinu og möguleikum þess sem og öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu. Í leikskóla ber að

skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi.

- Áhersla er á jákvæð og uppbyggileg samskipti í öllu skólastarfinu.
- Ritmál er sýnilegt.
- Leikefni er merkt.
- Samverustundir eru að minnsta kosti tvisvar á dag.
- Málörvunarverkefni eru fyrir alla aldurshópa.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Lestraráttak er tvisvar á ári, einn mánuð í senn.



### Dagskipulag

07:30-08:15	Leikskólinn opnaður, frjáls leikur
08:15-09:00	Morgunverður
09:00-09:15	Vinafundur
09:15-11:15/45	Frjáls leikur, val, hópavinna, tónlist, leikfimi, útivera
11:00-11:15	Samverustund, söngstund, yngri deildir
11:15-12:00	Hádegisverður – yngri deildir
12:00-12:30	Hvíld, róleg stund, yngri börn (þau yngstu sofa lengur)
11:50-12.10	Samverustund, söngstund, eldri deildir
12:10-12:35	Hádegisverður, eldri deildir
12:35-13:00	Hvíld, róleg stund, eldri deildir
13:00-14:30/15	Hópavinna, útivera, frjáls leikur, val
14:20-15:00	Síðdegishressing, yngri deildir
15:00-15:30	Kaffiflæði, eldri deildir
15:30-16:30	Frjáls leikur, val, hópavinna, útivera.

Á föstudögum er „gaman saman“. Þá koma allir saman í sal og syngja. Deildirnar skiptast á að hafa umsjón með þessum stundum og eru þar ýmsar uppákomur, t.d. leiksýningar, dyggðir skólans ræddar og sungið fyrir afmælisbörn vikunnar.

Eftir gaman saman er opið flæði. Þá mega börnin velja hvaða svæði skólans sem er til að fara að leika sér, þar með talið útileiksvæðið.

Í kaffiflæðinu ráða börnin hvenær þau fá sér hressingu, ganga síðan frá og fara frá borðinu þegar þeim hentar.

Á föstudögum er „gaman saman“ í sal, allir koma saman og syngja, deildirnar skiptast á að hafa umsjón með þeirri stund og eru með uppákomur, t.d. leiksýningar, dyggðir skólans ræddar og sungið fyrir afmælisbörn vikunnar.

Á vínafundum er m.a. talað um hvaða dagur er, veðurfræðingur valinn og athugað hvernig veðrið er og rætt um klæðnað. Það er farið yfir hvort það vanti einhvern í hópinn, hvort hann sé veikur, þá hugsað fallega til hans og sungið fyrir hann vinalagið með von um skjótan bata. Í lok vínafundar velja börnin sér svæði og viðfangsefni.

Valið í Arnarsmára er útfært þannig að á vínafundi ákveða börnin með kennurum sínum hvaða viðfangsefni verði í boði. Það geta eins margir og vilja valið hvert viðfangsefni og það má skipta um viðfangsefni/stað þegar vill. Þetta á við börn frá þriggja ára. Á yngri deildum fer fram mun einfaldara val en á eldri deildum.

Á föstudögum er opið flæði, þ.e. í boði er að velja hvaða svæði skólans sem er, þar með talið útileiksvæðið.

### Menningarviðburðir

Á *afmælisdögum barnanna* er fáni dreginn að húni. Barnið útbýr sjálft eða með kennara afmælisrórónu og sunginn er afmælisöngurinn. Barnið fær að velja hvað það vill gera í afmælinu (velja bók, lag, vera umsjónarmaður, gefa ávexti í ávaxtastund o.fl.). Barnið fær einnig að velja hvort það heldur afmælið inni eða utandyra.

*Uppskeruhátíð* er í september, á *Degi Íslenskrar náttúru*.

Þann 16.nóvember, á *Degi Íslenskrar tungu*, koma allir saman í sal og eitthvað þjóðlegt er gert.

Á *fullveldisdaginn 1.desember* er sameiginlegt hátíðarborðhald í fánaskreyttum sal og sungið undir borðum.

Ýmsar hefðir hafa myndast í kringum jól, t.d. *aðventustundir*. Þá safnast allir saman í sal og kveikt er á kertum á aðventukransi og sungin jólalög. Ein aðventustund er haldin utandyra og foreldrum boðið að vera með. Eldri borgurum í Gullsmára er boðið í eina aðventustund og kaffispjall.



Í byrjum desember er *jólavika* í Arnarsmára. Þá eru ákveðin viðfangsefni sem tengjast jólum lögð fyrir öll börn skólans, þ.e. í listasmíðju er útbúið jólaföndur, í matsal bakaðar piparkökur, í holukubbum eru æfðir jóladansar fyrir jólaballið, í leiksmíðju er hlustað á jólasögu og farið er í ljósagöngu.

Í desember fara Gullmolar í *Sívertsenhús* í Hafnarfirði og fræðast um jólahald í gamla daga. Grallarar fara í *ævintýraferð* um hverfið t.d. með kakó og piparkökur og Garpar fara í jólaferð í *Grasagarðinn* í Laugardal.

Jólaball er haldið þar sem jólasveinar koma í heimsókn og gefa börnunum pakka.

Leiksýning er alltaf í desember í boði foreldrafélagsins.

Á *prettándanum* er hátíð þar sem m.a. er kveikt upp í útielstæðinu.

Þann 7.janúar á leikskólinn *afmæli*, þá er flaggað og boðið uppá afmælistöku í síðdegishressingu, glens og gaman. Arnarsmári verður næst 23 ára.

Öfum og pöbbum er boðið í morgunmat á *bóndadaginn*, boðið er upp á hafragraut,

lýsi, slátur og hákarl. Í hádeginu er *Þorralót*.

Föstudaginn fyrir *konudag* er ömmum og mömmum boðið í morgunmat. Kór skólans syngur nokkur lög við bæði þessi tækifæri.



Á Degi leikskólans 6.febrúar, er „Stóri læsisdagurinn“ annað hvert ár og „Stærðfræðidagurinn mikli“ hitt árið. Foreldrum er boðið í heimsókn yfir daginn.

Á *sprengidag* eru kennarar með leiksýningu fyrir börnin og á *öskudag* er öskudagsball.

Þrír elstu árgangar leikskólans hafa *leynivínaviku* tvisvar á ári.

„*Arnarsmári á iði*“ er í maí. Þá fer fram skipulögð hreyfing utandyra í eina viku.

Í *listavíkunni* í mars er unnið út frá þörfum Uppbyggingarstefnunnar; frumkvæði, vináttu, gleði, öryggi og frelsi. Mikil sköpun

á sér stað; leiklist, myndlist, tónlist, sögugerð o.fl.

*Opið hús* er í skólanum, (ein deild í einu) á vorönn, þá er m.a. afrakstur listaviku og vetrarstarfsins sýndur foreldrum.

*Sveitaferð* er farin í maí að Bjarteyjarsandi í Hvalfirði. Ferðin er samvinnuverkefni foreldrafélagsins og leikskólans.

*Útskriftarferð* og *útskriftarhátíð* elstu barnanna í Arnarsmára er í maí.

*Sumarhátíð leikskólans* er haldin í júní.

Þetta er ekki tæmandi upptalning en sjá má að það er af nógu að taka.

### Kynning á leikskólanum

- Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. <https://arnarsmari.kopavogur.is/>
- Mikilvægt er að forráðamenn séu upplýstir um nám barnanna og starf leikskólans. Haldinn er fundur fyrir foreldra nýrra barna á vorin/sumrin eftir að úthlutun hefur farið fram. Þar er farið yfir helstu þætti í starfi skólans o.fl.
- Vala er samskiptaforrit fyrir forráðamenn og starfsfólk.

- Á foreldrafundi að hausti er kynning á vetrarstarfinu.
- Nýjum foreldrum og nýju starfsfólki er bent á að kynna sér heimasíðu skólans áður en barnið byrjar.
- Deildarstjórar senda foreldrum a.m.k. tvisvar sinnum í mánuði póst með fréttum og myndum úr starfinu.

## Foreldrasamstarf

### Stefna og áherslur

Gott foreldrasamstarf er mjög mikilvægt í starfi leikskólans. Kennarar Arnarsmára leggja áherslu á að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann og að þeir finni að kennurum sé annt um börn þeirra.

Samstarf kennara og foreldra á að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu. Þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Í Arnarsmára er mikil foreldrasamvinna bæði formleg og óformleg. Formleg samvinna eru einstaklingssamtöl, foreldrafundir og netpóstur en óformleg samvinna er t.d. dagleg samskipti þegar

Samstarf kennara og foreldra á að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu.

börnin koma og fara og upplýsingar skráðar á töflur í fataherbergjum. Miklar upplýsingar koma einnig fram á heimasíðu skólans.

Foreldrum er velkomið að heimsækja skólann og taka þátt í starfinu að höfðu samráði við deildarstjóra.

### Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og umsögn um starfsáætlun má finna á heimasíðu leikskólans.

Verkefni foreldraráðs eru:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar

áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn.
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

### Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu sem byggir á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Forráðamenn eru ávallt velkomnir í leikskólann, en eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi á haustin, mömmu-ömmu/pabba-afa morgunmat, opið hús á vorönn og á Degi leikskólans, útskriftarhátíð elstu barnanna og sveitaferð leikskólans. Þeir taka einnig þátt í og/eða aðstoða við hina ýmsu viðburði í leikskólanum.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið.

Markmið foreldrafélagsins eru:

- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að tryggja hagsmuni barna

- Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Foreldrar í Arnarsmára hafa verið mjög virkir í öllu sem gert er á vegum skólans og foreldrafélagsins og mæta alltaf vel. Rukkað er einu sinni á ári í sjóð sem greiðir fyrir ýmsar ferðir, leikrit og fyrirlesara á foreldrafundi.

Einnig sér félagið um að útvega jólasveina á jólaball og greiða fyrir þá og kaupa smá pakka sem Sveinki gefur á ballinu. Félagið stendur fyrir jólastund í byrjun aðventu fyrir börn og foreldra og sér stjórnin alfarið um hana og veitingar nema leikskólinn býður upp á heitt súkkulaði og kaffi.

Ef rekstrarafgangur hefur verið hefur félagið stundum fært skólanum gjafir. Síðastliðin fjögur skólaár hafa foreldraráð og foreldrafélag verið skipað sömu fulltrúum foreldra og gaf það ágætis raun, eftir er að taka ákvörðun um hvort svo verði aftur næsta ár.

## Starfsmenn

### Starfsmannastefna

Góð samskipti og gagnkvæm virðing hafa grundvallarþýðingu fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Starfsfólk er sameiginlega

ábyrgt fyrir því að viðhalda góðum starfsanda.

Í Arnarsmára er lögð rík áhersla á gott samstarf allra starfsmanna, sem er í anda stefnu skólans, þ.e. vinnu með vináttuna og Blæ, dyggðirnar og Uppbyggingarstefnuna.

Mannauður er nýttur eftir föngum og þáttökustjórnun er við lýði.

Gerðar hafa verið vinnulýsingar um mjög marga starfsþætti skólans. Þær lýsa hvaða hefðir og venjur eru um hina ýmsu verkþætti og það auðveldar mjög samhæfingu í starfi.

Góð samskipti og gagnkvæm virðing hafa grundvallarþýðingu fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur.

Mannauður er nýttur eftir föngum og þáttökustjórnun er við lýði.

### Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskólans vinni sem ein heild. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum og fræðslumorgnum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks.

Starfsfólki gefst auk þess kostur á að sækja námskeið er varða leikskólastarf. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk og fær það afhent gögn til lestrar.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftar ef þörf þykir.

### Samsetning starfsmannahópsins

Í Arnarsmára er gert ráð fyrir u.þ.b. 17 stöðugildum á deildum auk afleysingar vegna veikinda og undirbúningstíma kennara, 100% stöðu leikskólastjóra, 40% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1.75% stöðugildi í eldhúsi.



## Samstarf

### Samstarf við grunnskóla

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við þeirra. Samstarf leik- og grunnskóla er í sífelldri þróun og unnið er að því á mismunandi hátt í hverfum bæjarins. Tryggja þarf að öll börn í leikskóla taki þátt í því samstarfi sem skipulagt er á milli skólastiga. Skólastjórnendur beggja skólastiga bera ábyrgð á skipulagningu samstarfsins.



Arnarsmári er í formlegu samstarfi við Smáraskóla, ásamt leikskólanum Læk. Samstarfið fer þannig fram að kennarar

skólanna hittast að hausti og ákveða hvernig heimsóknum verði háttað næsta vetur. Nokkuð fast form er komið á þetta samstarf, fjórar gagnkvæmar heimsóknir eru yfir veturinn. Auk þess er ein heimsókn í Drekaheima að vori.

### Samstarf við aðra

Arnarsmári er í samstarfi við félag eldri borgara í Gullsmára. Börnin fá að koma í söngstundir hjá þeim annan hvern föstudag yfir veturinn. Eldri borgurum er boðið í aðventustund í Arnarsmára. Hefð er fyrir því að setja upp myndlistarsýningu á vorin í Gullsmára, félagsmiðstöð eldri borgara.

Samstarf er við leikskólafulltrúa, ráðgjafa, talmeinafræðing, iðjubjálfa, sálfræðing og fleiri aðila eftir þörfum hverju sinni.

### Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Niðurstöður mats ásamt umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun.

Ýmsar matsaðferðir eru notaðar hjá leikskólum Kópavogs. Foreldrakönnun fer fram annað hvert ár, starfsánægjukönnun meðal starfsmanna er einnig annað hvert ár. Heilbrigðiseftirlitið metur þrif í eldhúsi annað hvert ár. Innra starf og búnaður er

einnig metið. Búið er að útbúa matslista sem meta allt starf innan hvers námssviðs og verður eitt námssvið metið á hverju ári þannig að fjórða hvert ár er hvert þeirra tekið fyrir. Námssviðin sem um ræðir eru; heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Í leikskólanum er starfið  
í stöðugri þróun og þar  
á sér stað sífellt  
endurmat.

## Börn

Börnin meta skólastarfið árlega og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagaðar þroska barna. Þau hafa t.d. fengið að taka myndir af því sem þeim hefur þótt áhugaverðast í leikskólanum og verið spurð um vináttu og áhuga þeirra á útinámi. Einnig spjall um það sem er t.d. auðvelt/erfitt, skemmtilegt/ekki skemmtilegt, o.s.frv.

Þroski barnanna er einnig metinn og til þess notaðar eftirfarandi skimanir og próf:

- Hljóm-2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund fimm ára barna.
- EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.
- TRAS er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna.
- Námsögur er aðferð til að meta styrkleika, upplifun og námsferil barna. Skráðar eru einskonar örsögur hvers barns fyrir sig. Aðferðin skiptist í fjóra þætti; Skráningu, ígrundun, greiningu og nýtingu. Í skráningunni er hægt að gera myndbandsupptöku, taka myndir, skrifa niður hvað barn gerir í ákveðinni stund og margt fleira. Eftir skráninguna er hún nýtt til að ígrunda og ræða það sem átti

sér stað til að fá sjónarhorn frá fleiri en einum varðandi innihald skráningarinnar. Í lokin er svo ákveðið hvernig nýta eigi þær upplýsingar sem fengist hafa út úr skráningunum til úrbóta og þær framkvæmdar.

## Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn.

## Starfsfólk

Sérhannaður listi er sendur rafrænt til starfsfólks leikskólans annað hvert ár til að meta samstarf og samskipti. Starfsmannasamtöl fara fram árlega. Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið með ýmsum hætti s.s eftir viðburði, með matslistum námsþátta, yfirlestur starfsáætlunar og gerð umbótaáætlunar.

## Forráðamenn

Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans og er sérstakur listi ætlaður til þess. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað þeir telja að mætti betur fara.

## Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum.

Hér má finna: [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið.

## Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem

hann tilnefni. Öryggistrúnaðarmaður er kosinn af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Öll slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

## Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks. Við áföll hittist ráðið eins oft og þurfa þykir.

Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar:

[Áfallaáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttisáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttis- og mannréttindastefna](#)

[Kópavogsbæjar](#)

[Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti,](#)

[kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins](#)



## Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs

Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir

Starfsáætlun síðasta skólaárs var að mörgu leyti raunhæf og viðmið hennar leiðarljósið í starfinu. En að sjálfsögðu riðlaðist margt á vorönninni vegna Covid-19 faraldursins, sumu var breytt og annað fellt niður vegna samkomubannsins. Sem dæmi má nefna að foreldraviðtölin fóru fram í gegnum síma, opið hús fyrir foreldra féll niður en þetta var jú fordæmalaust ástand.

## Barnasáttmáli

Fyrirhugað var að formlega byrjaði þróunarverkefnið um innleiðingu Barnasáttmálans og að verða réttindaskóli strax í byrjun vorannar. Kynningarfundur á vegum Unicef á Íslandi fyrir allt starfsfólk var haldinn í febrúar á síðasta skólaári og annað og ýtarlegra fyrir þrjá kennara sem ætla að halda utan um verkefnið. Það náðist að gera tvö stór verkefni með börnunum þar sem Barnasáttmálinn var í aðalhlutverki og eins kom sáttmálinn mikið við sögu þegar elstu börnin útskrifuðust; þau fóru hvert um sig með eina grein fyrir foreldra. En vegna Covid-19

þá biðu nokkrir hlutir í þessu verkefni eins og í mörgu öðru.

## Heimsmarkmið

Kortlagningu á því hvar Arnarsmári er staddur í vinnu með heimsmarkmiðin er lokið og ekki hefur verið aðhafst frekar í þeim málum enn sem komið er. Að sjálfsögðu má segja að allt starf í kringum Grænafánaverkefnið sé liður í að vinna með heimsmarkmiðin; sjálfbærnin, flokkunin, nýtnin og endurvinnslan er stór þáttur í þeim efnum sem fékk góða úttekt frá Landvernd síðasta vor.

Einnig var unnið verkefni sem bæði viðkom Heimsmarkmiðum og Barnasáttmálanum þar sem öll börn skólans bjuggu til eitt stórt Sólblóm og rætt var um aðstæður barna í hinum ýmsu löndum, en Arnarsmári er Sólblómaskóli og fær því fræðslu frá SOS barnaþorpunum á Íslandi og styrkir málefnið.

Segja má að allt starf í kringum Grænafánaverkefnið sé liður í að vinna með heimsmarkmiðin.

### Námssvið

Heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi, læsi og samskipti.

Síðasta skólaár var námssviðið sköpun og menning metið. Við það mat var stuðst við aldurstengdu námsskrárnar sem leikskólar Kópavogs hafa gert. Hver deild mat sína árganga. Matið leiddi í ljós að vel er unnið með þetta námssvið í Arnarsmára en kennarar vilja þó bæta nokkur atriði eins og sjá má í umbótakaflanum.

### Mat og matsaðferðir

#### Mat barna – vor 2020

Að þessu sinni voru teknir tveir aldurshreinir hópar. Gullmolar, börn fædd 2014, þrír drengir og þrjár stúlkur og Garpar, börn fædd 2015, þrír drengir og tvær stúlkur.

Börnin voru spurð fjögurra spurninga:

- Hverju ráðið þið?
- Hverju mynduð þið vilja ráða?
- Hverju eiga kennarar að ráða?
- Hverju mynduð þið vilja breyta?

Spurningarnar tóku mið af Barnasáttmálanum þar sem Arnarsmári er í þróunarverkefni tengdu honum. Börnin voru tekin tvisvar í spjall með dags millibili.

#### Gullmolar – fyrra spjall:

Þau voru sammála um að það sé gaman að leika úti og þau ráði sjálf í hverju þau leiki sér úti. Afmælisbörn mega líka ráða hvað er gert og hvaða tónlist er hlustað á og líka þegar þau eru að hætta, þ.e. í kveðjupartýi. Í matartímum mega þau ráða hvort þau fái sér ábót en þau halda að það sé Brynja Björk sem ræður hvenær er borðað og ef hún er ekki á staðnum þá ræður Rannsó. Í ferðum ráða kennarar hvert er farið en þau sögðu samt að þau mættu koma með hugmyndir sem er svo kosið um. Þau mega líka ráða hvað þau verða þegar þau verða stór. Þau voru einnig sammála um að Brynja Björk ráði í skólanum og ef hún er ekki, ræður Rannsó. Þau sögðu að ef það væru engir kennarar, bara börn, þá væru allir æstir, að hamast og með fíflagang sem væri alls ekki nógu gott. Talandi um réttindi barna vissu þau heilmikið. Þau sögðu að börn hefðu rétt á að tala, rétt á heimili, rétt á að segja hvað þeim finnst, rétt á mat og að drekka vatn, rétt á að leika sér, fara út og fá sér vítamín frá sólinni. Ef þau mættu breyta einhverju var það bara að skipta um leikföng. Annars sögðu þau leikskólann bara vera góðan, þyrfti ekki að breyta neinu, þetta væri þægilegt og skemmtilegt svona.

Börnin sögðu að þau hefðu rétt á að tala, rétt á heimili, rétt á að segja hvað þeim finnst, rétt á mat og að drekka vatn, rétt á að leika sér, fara út og fá sér vítamín frá sólinni.

#### Gullmolar – seinna spjall:

Rifjað var upp það sem hafði verið rætt áður og þau spurð hvort þau væru enn sömu skoðunar og hvort þau vildu bæta einhverju við. Þau vildu bæta við að það væri skemmtilegt að leika úti í rigningunni, að hoppa í pollunum og sjá blómin koma upp en þeim fannst vanta vegasalt. Þau vildu líka ráða hvað væri í matinn en komust að því að það var oftast eitthvað í matinn sem þeim finnst gott. Vildu líka fá að ráða meira inni en sögðu jafnframt að kennarar þurfi að ráða af því þeir passi börnin þegar foreldrar eru að vinna. Þau sögðu að ef börnin mættu

ráða öllu væri rosa gaman en myndi enda rosa illa og allir færu að rífast um dótið.

#### Garpar – fyrra spjall:

Garpar voru sammála um að það væri gaman í leikskólanum að leika saman, lita og vera í Playmo. Þeim fannst þau ráða frekar litlu, ráða samt við hverja þau leika og hvaða dót þau eru með. Ráða líka hvernig þau lita myndina sína. Kennarar ráða hvaða dót er á deildinni og hvenær eigi að ganga frá. Þau sögðust sjálf ráða hvað þau borða og þegar þau voru spurð hvort þau geti þá kannski bara borðað kjötbollur og sleppt grænmetinu sögðust þau alls ekki myndu gera það af því grænmetið væri svo hollt og gott. Þau segja að kennarar ráði líka hvenær á að fara út og hvert er farið í ferðir en börnin mega stundum ráða hvert er farið. Börnin vissu ekki mikið um þeirra rétt samkvæmt Barnasáttmálanum. Þau sögðu að allt væri gott í leikskólanum en samt myndu þau vilja ráða hvenær þau ganga frá. Börnin voru einnig þeirrar skoðunar að ef það væru engir kennarar myndu þau ekkert vita hvað þau ættu að gera og myndu bara meiða. Það væri betra að hafa kennara.

Börnin sögðu að allt væri gott í leikskólanum en samt myndu þau vilja ráða hvenær þau ganga frá.

#### Garpar – seinna spjall:

Farið var yfir það sem hafði verið rætt áður. Þau bættu við að stundum vildu þau fá að ráða hvort þau væru inni eða úti. Þau sögðu að kennarar réðu líka hvernig ætti að vera klæddur í útivist. Þau töldu svo upp þá staði sem þau myndu fara á í ferðum ef þau fengju að ráða og það voru allt staðir sem eru oft heimsóttir t.d. vinatréð og tjörnin. Þau sögðu að það væri ekki gott ef börnin réðu öllu því það þyrftu að vera kennarar til að kenna þeim. Ef ekki væru kennarar þá vissu þau heldur ekkert hvað þau ættu að gera af því þau kunna ekki á tölvu og ekki mikið að lesa. Sögðu að þær í eldhúsinu réðu hvað væri í matinn og töldu svo upp það sem þau myndu hafa í matinn ef þau fengju að ráða og það var bara það sem er vanalega t.d. fiskur og kjúklingur.

**Aðlögun** var metin af stjórnendateymi skólans og voru niðurstöður þær að ánægja er með núverandi fyrirkomulag.

**Kynningarbæklingur fyrir nýja foreldra** var endurmetinn og sáu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri um það í samráði við stjórnendateymi skólans. Aðeins þurfti að lagfæra og staðfæra en þó ekki mikið.

**Forvarnaáætlun** er yfirfarin af stjórnendum skólans og kynnt fyrir öllum starfsmönnum á skipulagsdegi í nóvember, þ.e. brunavarnir, viðbrögð og skráning á slysum, áfallaráð, öryggismál o.fl.

#### Heilbrigðiseftirlit

Í júní fór fram reglubundið eftirlit heilbrigðiseftirlits í eldhúsi skólans. Þrjú þrífarsýni voru tekin og komu tvö vel út en eitt ófullnægjandi.

Gerðar voru athugasemdir við illa farna glugga, opna hurð fram í matsal sem og opna hurð í búri. Matvælavaskur var sagður hindraður af uppvottagrindum með hreinu leirtaui úr uppvottavél. Hitaskráningar á frysti og kælum virtust hafa dottið niður og skyldi þeim komið aftur í gang hið fyrsta.

Eldhúsið er einnig sagt of lítið fyrir eldamennsku fyrir um 120 manns.



## Börn

Fjöldi barna, dvalartími, barngildi, fjöldi stunda á dag, aldursskipting og þjóðerni. Í Arnarsmára voru 84 börn á síðasta skólaári. Í elsta árgangi fædd 2014 voru 14 börn, í árgangi 2015 voru 17 börn, í árgangi 2016 voru 20 börn, í árgangi 2017 var 21 barn og í árgangi 2018 voru 12 börn. Ekkert barn var skemur en 7 tíma á dag og langflest voru 8,5 klst.

Þetta skólaárið voru börn af erlendum uppruna 14 talsins. Sjö stúlkur og sjö drengir. Það skiptist einnig þannig að börn með báða foreldra erlenda voru sex og átta börn voru með annað foreldrið af erlendu bergi brotið.



## Sérkennsla

### Skipulagning og tölulegar upplýsingar

Á þessu skólaári voru 16 börn sem þurftu á einhvers konar stuðningi að halda í Arnarsmára. Það gerir 19% barna leikskólans. Af þessum 16 börnum voru 5 börn af erlendum uppruna og/eða tvítýngd.

Reynt er að taka börn sem minnst út ein í sérkennslu, en það er þó gert að litlu leyti, en frekar reynt að hafa eitt til tvö, þrjú börn með.

Börnin skiptust þannig milli deilda eftir flokkum samkvæmt reglum um sérkennslu.

Vegna barna í 1. og 2. flokki var Arnarsmári með 33 tíma í lok þessa skólaárs.

Það voru 10 börn á þessu skólaári sem féllu undir 4. flokk.

Leikskólinn fær úthlutað 8,072 tímum fyrir þessi börn.

Þetta skólaárið voru níu beiðnir sendar frá Arnarsmára vegna átta barna. Flestar voru sendar til talmeinafræðings, eða sjö talsins, ein send til sálfræðings og ein vegna ráðgjafar.

Reynt er að taka börn sem minnst út ein í sérkennslu.

Frekar er reynt að hafa eitt til þrjú börn með.

### Mat forráðamanna

Verður á næsta ári.

### Samsetning starfsmannahópsins

Á síðasta starfsári voru 13 leikskólakennarar við störf í Arnarsmára og fimm með arða háskólamenntun, auk ófagmenntaðra.

### Mat starfsmanna

**Starfsmannakönnun** var send út miðlægt í miðju Covid og var þátttaka og úrvinnsla ekki eins mikil og annars hefði verið.

Helstu niðurstöður voru þær að skólinn kemur í heildina vel út miðað við landsmeðaltal en þó voru nokkrir liðir sem komu neikvætt út fyrir skólann og má þar nefna að tveir sögðust hafa séð starfsmann lagðan í einelti á síðustu sex mánuðum. Var það rætt en í raun engin niðurstaða í því. Einnig voru nokkrir sem töldu sig ekki

fá nægan undirbúningstíma en tekið skal fram allir sem eiga lögboðna undirbúningstíma fá þá og voru allir sammála um það. Það kom líka fram að margir vildu fara á fleiri námskeið. Aðrar niðurstöður koma vel eða mjög vel út.

### Þróunar- og nýbreytnistarf

Byrjað var á þróunarstarfi um Heimsmarkmiðin og Barnasáttmálann.

### Skipulagsdagar

Fyrsti skipulagsdagur vetrarins var 20. sept. Þar var m.a. rætt um ytra og innra mat og umbótaáætlanir í kjölfar þess. Einnig gerðu starfsmenn sáttmála í anda Uppbyggingarstefnunnar.

Á skipulagsdegi 21.nóv voru stjórnendur með myndasýningu og sögðu frá Kanadaferð sinni og námskeiðinu um Uppbyggingu sem þeir fóru á þar. Í framhaldinu voru miklar umræður um framkvæmd Uppbyggingarstefnunnar í leikskólanum. Ákveðið var að fyrir utan



sáttmála á hverri deild yrði gerður sáttmáli í matsal og síðar um útivist. Ákveðið var að sækja um að verða réttindaskóli og innleiða Barnasáttmálann.

Skipulagsdagurinn 31. jan. var haldinn í Fróða á Flúðum. Rætt var m.a. um Listavikuna sem haldin er í mars, hafa framkvæmdina á henni öðruvísi en verið hefur og endurmeta hana svo. Tveir starfsmenn sögðu frá námskeiði um krefjandi börn sem þeir fóru á. Farið var yfir umhyggjuhringinn og urðu miklar umræður. Að lokum var fræðsla um Uppbyggingarstefnuna.

Skipulagsdegi sem vera átti 23. mars var frestað til hausts.

22. maí var síðasti skipulagsdagur skólaársins og var hann helgaður innleiðingu Barnasáttmálans.

### Endur- og símenntun

Að venju voru starfsmenn skólans duglegir við að sækja námskeið til að viðhalda hæfni sinni og efla sig í starfi. Menntasvið bauð öllum deildarstjórum upp á langt og kjarngott námskeið hjá Þekkingarmiðlun sem þeir voru mjög ánægðir með.

Stjórnendateymi skólans fór til Kanada á

gott þriggja daga námskeið í Uppbyggingastefnunni. Nýliðar fá alltaf nokkur stutt námskeið í að starfa í leikskólum.

Fræðslumorgnar eru einu sinni í hverjum mánuði þar sem eitthvað efni er kynnt fyrir starfsfólki, annað hvort upprifjun eða eitthvað nýtt.

Mikil fræðsla og upprifjun fer einnig fram á skipulagsdögum t.d. um Uppbyggingarstefnuna.

Tveir kennarar fóru á námskeið um krefjandi börn.

Þegar starfsfólk fer á námskeið er það annað hvort með fræðslumorgun eftir það eða segir frá á næsta skipulagsdegi.

Sí- og endurmenntun er nauðsynleg til að staðna ekki og ná sér í meiri þekkingu og upprifjun.

### Fundir

Fundir utan vinnutíma eru ekki margir. Helst eru það foreldrafundir, fundir með foreldraráði og foreldrafélaginu. Á síðasta skólaári var fundað óvenju sjaldan af margumræddum ástæðum.

### Samstarf

Arnarsmári er í formlegu samstarfi við Smáraskóla, ásamt leikskólanum Læk. Samstarfið fer þannig fram að kennarar skólanna hittast að hausti og ákveða hvernig heimsóknunum verði háttað næsta vetur. Nokkuð fast form er komið á þetta samstarf, fjórar gagnkvæmar heimsóknir eru yfir veturinn. Auk þess er ein heimsókn í Drekaheima að vori. Þetta hefur reynst ágætlega en oft hefur verið rætt um að dýpka þetta samstarf en ekki orðið af því.

Arnarsmári er í samstarfi við félag eldri borgara í Gullsmára. Börnin fá að koma í söngstundir hjá þeim annan hvern föstudag yfir veturinn. Eldri borgurum er boðið í aðventustund í Arnarsmára. Vegna Covid-19 féllu þessar söngstundir niður en börnin fóru einu sinni og sungu fyrir vini sína í Gullsmára utandyra við mikinn fögnuð þeirra eldri.

Vegna Covid-19 féllu söngstundir í Gullsmára niður en börnin fóru einu sinni og sungu utandyra fyrir vini sína í Gullsmára.

Hefð er fyrir því að setja upp myndlistarsýningu á vorin í Gullsmára, félagsmiðstöð eldri borgara en eins og fleira datt það niður.

Samstarf er við leikskólafulltrúa, ráðgjafa, talmeinafræðing, iðjubjálfa, sálfræðing og fleiri aðila eftir þörfum hverju sinni og hefur það verið farsælt.

### Nemar

Á síðasta skólaári voru þrjú leikskólakennaranemar í verknámi í Arnarsmára. Einn meistaraþrófsnemi á lokaári allan veturinn, einn



meistaraprófsnemi á fyrra ári í 2-3 vikur og einn nemi á fyrsta ári í leikskólakennaranámi í skamman tíma, hætti fyrr vegna Covid-19.

Í Arnarsmára voru starfandi þrjú starfsmenn sem voru jafnframt í leikskólakennaranámi, einn að byrja í meistaranámi og tveir sem voru á öðru ári í leikskólakennarafræðum. Það er mikill fengur fyrir skólann að starfsfólk fari í kennaranámið og mennti sig í fræðunum, því ber að fagna. Það kostar hins vegar miklar tilfæringar og álag þegar staðlotur og verknám fer fram. En ávinningurinn er þess virði.

### Viðhald

Viðhaldsvinna í skólanum var minniháttar á síðasta skólaári, smávegis málningarvinna.

### Öryggismál

Á síðasta skólaári var sem betur fer ekkert stórslys í Arnarsmára. Eingöngu voru sjö minniháttar slys og eitt barn missti tönn. Engin áföll eru skráð en auðvitað má segja að Covid-19 faraldurinn hafi verið áfall fyrir alla.

## Umbótaáætlun næsta skólaárs

*Hér er skráð hvaða umbætur eru fyrirhugaðar á næsta skólaári*

### Skólastarfið

Í Arnarsmára er til Gæðahandbók með vinnulýsingum um nánast allt starf skólans, bæði daglegt starf og einstaka viðburði. Má þar telja hvernig unnið er með einingakubba, hvað er gert á vinafundum, viðbrögð við slysum á börnum, útivist, ferðir, jólaball, stóra læsisdaginn o.s.frv. Um er að ræða á milli 50 og 60 vinnulýsingar. Eftir hvern einstakan atburð ár hvert er vinnulýsingin endurmetin og gerðar úrbætur.

### Barnasáttmáli

Þróunarstarfið við að verða réttindaskóli í vinnu með Barnasáttmálann verður rauði þráðurinn í starfi skólans næsta skólaár.

### Heimsmarkmið

Nú er stefna hjá Kópavogsbæ að fara að stíga næstu skref með heimsmarkmiðin eftir að hver stofnun var búin að kortleggja sína stöðu. Það á eftir að koma í ljós hver þau verða.

### Námssvið sem var metið, umbætur

Sköpun og menning

Helstu niðurstöður úr því mati eru þær að kennarar yngstu barnanna, 1-2 ára ætla að:

- Vera duglegri að spyrja börnin út í verk sín.
- Vera duglegri að skipta úr skapandi efni, s.s. litum, perlum og leir.
- Nýta betur efnivið sem safnað er í ferðum til skapandi starfs.
- Kenna börnunum fleiri þulur.
- Nýta matartímana meira í samræður.
- Hafa meiri fjölbreytni í tónlist sem hlustað er á.

Kennarar 3-4 ára barnanna ætla að:

- Bjóða oftari upp á opinn efnivið og nýta efni úr vísindakrók til myndsköpunar.
- Vera duglegri að virkja yngri börnin.
- Nýta menningarvikuna til að kynna löndin sem börn deildarinnar eru frá, sem og fána þeirra.
- Nýta söngstundir betur til að hlusta á tónlist, dansa og spila á hljóðfæri.

Kennarar 5 ára barnanna ætla að:

- Leggja meiri áherslu á sögugerð.
- Nýta betur efnivið sem safnað er í ferðum til skapandi starfs.

- Nýta iPad meira til skapandi starfs.
- Ræða meira um mismunandi fjölskyldugerðir.
- Gera meira af því að skoða listaverkabækur.



### Matslistar – umbótaáætlun

Mat barna varð til þess að umræður sköpuðust á meðal kennara um að það þyrfti að tala meira um lýðræði við börnin svo þau geri sér ljóst að það er mun oftari en þau upplifa sjálf að þeirra val, langanir og álit hafi áhrif á þeirra líf í skólanum. Það er auðvitað líka liður í vinnu með Barnasáttmálann að hlusta á raddir barna og að leyfa þeim að hafa áhrif.

### Börn

Undanfarin ár hefur ár hvert verið metið hvernig deildarnar eru aldurssamsettar, það fer eftir fjölda barna í hverjum árgangi.

Næsta skólaár verða tveir árgangar á fjórum deildum, eins og tveggja ára börn á Engi og Bakka, þriggja og fjögurra ára

börn á Brekku og Akri og fimm ára börn á Gulldeild.

Samvinna verður á milli deilda með hvern árgang.

## Sérkennsla

Nú hefur verið úthlutað samtals 25 klst. fyrir sérkennslu í 1. og 2. flokki fyrir 7 börn. Þar fyrir utan er töluverður fjöldi barna sem tilheyrir 3. og 4. flokki vegna málþroska o.fl. Mörg eru af erlendum uppruna, þar af leiðandi verða nokkrir málörvunarhópar. Sérkennsla sinna flestir kennarar á deildinni þar sem þau börn eru og skipta þeirri vinnu á milli sín, til að auka yfirsýn allra og að allir séu meðvitaðir um getu hvers barns. Þetta hefur verið stefna skólans en í einstaka tilfalli hefur einn sérstakur séð alfarið um einstakt barn og hefur það ekki gefið eins góða raun.

## Foreldrakönnun

Verður á næsta ári.

## Samsetning starfsmannahópsins

Skólaárið 2020-2021 verða alls 11 menntaðir leikskólakennarar, einn uppeldis- og menntunarfræðingur, tveir tólmstunda- og félagsmálafræðingar, annar þeirra í mastersnámi í leikskólakennarafræðum, tveir aðstoðar-

leikskólakennarar sem eru á þriðja ári í leikskólakennarafræðum, einn leikskólaliði, þrír með aðra háskóla-menntun og tveir með iðnmenntun og fleiri leiðbeinendur.



## Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

Það sem starfsmannakönnunin leiddi í ljós var m.a. að mörgum fannst skorta á sí- og endurmenntun sína. Það þarf e.t.v. að ræða við starfsmenn að hún felst ekki bara í að sækja námskeið út í bæ heldur fer mikil endurmenntun fram í skólanum, t.d. á fræðslumorgnum og á skipulagsdögum, bæði frá utanaðkomandi aðilum og öðrum kennurum skólans.

Það að einhver hafi orðið vitni að einelti á meðal starfsmanna er grafalvarlegt mál og verður rætt mun betur á skipulagsdegi í nóvember þar sem m.a. verður farið yfir eineltisáætlun leikskóla Kópavogs.

Að öðru leyti verður haldið áfram á svipuðum nótum og hingað til í samstarfi og samskiptum á meðal kennara því langflestir lýsa ánægju sinni með að starfa í Arnarsmára og meðalstarfsaldur 34 starfsmanna á síðasta skólaári var níu ár. Starfsmannasamtöl féllu niður vegna Covid-19.

## Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

Þróunarstarf með innleiðingu Barnasáttmálans og að gerast réttindaskóli heldur áfram á næsta skólaári, vonandi meira markvisst en á því síðasta (ekki Covid-19).

## Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá

Fyrsti skipulagsdagur skólaárið 2020-2021 verður 4. september. Á dagskrá verður vetrarstarfið, samsetning barnahópsins, mönnun, sérkennsla o.fl. Upprifið á vinnu með Barnasáttmálann og verkefni sem hægt er að vinna í tengslum við hann. Sérkennslustjóri kynnrir handbók og málörvunarbæklinga sem fara inn á allar deildir og er afrakstur þróunarverkefnis sem skólinn tók þátt í um Snemmtæka íhlutun. Einnig verður kynntur hlekkur á heimasíðu Kópavogs um Fjölmenningu í leikskólum þar sem ýmislegt gagnlegt

kemur fram. Farið verður yfir nýjustu reglur vegna Covid-19 og hvernig umgengni í skólanum verður og aðkoma foreldra og gesta. Kosið verður í ýmsar nefndir skólans og að lokum verða deildarfundir.

Annar skipulagsdagur vetrarins verður 2. október (dagur sem féll niður í mars á síðasta skólaári vegna Covid-19). Þá verða skipulögð næstu skref í þróunarvinnunni með Barnasáttmálann, farið yfir hvernig málin standa varðandi Covid-19, hvernig verða fyrstu skrefin í Erasmus+ verkefni sem framundan er, Uppbyggingarstefnan, sáttmáli kennara gerður, deildarfundir o.fl.

19. nóvember verður farið yfir öll öryggismál, áfallaráð, brunavarnir, slysavarnir, slysavarnarnámskeið o.fl.

4. janúar, 17. mars og 14. maí eru dagarnir á vorönn, dagskrá er ekki komin en endurmat á ýmsum þáttum í starfi skólans fer að öllum líkindum fram á tveimur síðustu skipulagsdögum og framvinda og áætlanir varðandi Barnasáttmálann og Erasmus+ verkefnið.

## Endur- og símenntunaráætlun

Fyrir utan nýliðanámskeið er á döfnni slysavarnarnámskeið, fræðsla um Barnasáttmálann og Uppbyggingarstefnuna, auk fræðslumorgna í hverjum mánuði og á hverjum skipulagsdegi. Auk þess fara stakir kennarar eða nokkrir saman á tilfallandi námskeið sem í boði eru.



## Fundir

Foreldrafundur að hausti verður ekki haldinn með hefðbundnum hætti vegna Covid-19 en upplýsingar t.d. myndbönd verða send til foreldra til kynningar á starfinu. Það sama má segja um fundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins, þeir koma til með að fara fram í tölvusamskiptum, a.m.k. á haustönn.

## Viðhald

Margir gluggar í skólanum eru illa farnir og þarfnast viðhalds. Umsögn heilbrigðiseftirlits ýtir á mikið viðhald og breytingar í eldhúsi, það á eftir að koma í ljós hvort af því verði.

## Öryggismál

Öryggismál í Arnarsmára hafa verið í góðu lagi þó alltaf verði einhver óhöpp og slys. Skráning á því er í góðum málum og farið er yfir öll öryggismál á skipulagsdegi í nóvember ár hvert.

## Lokaorð

Nú er að hefjast nýtt skólaár við óvenjulegar aðstæður eins og seinni hluti síðasta skólaárs var.

Glíman við Covid-19 hefur sett margt úr skorðum í starfinu í Arnarsmára eins og annars staðar í þjóðfélaginu. Þetta hefur reynt á starfsemi skólans og starfsfólk og er næstum í hverri viku verið að takast á við nýjar aðstæður og finna nýjar lausnir. Þetta hefur tekist alveg ágætlega en reynt á þolrifin oft á tíðum og ekki sér fyrir endann á því.

Eins og það er nú ávallt spennandi að byrja nýtt skólaár og takast á við hin ýmsu faglegu og dags daglegu verkefni skólaársins þá eru þessar óvenjulegu ytri aðstæður að hafa það mikil áhrif á störf stjórnenda og allra starfsmanna að verkefni haustsins eins og að gera starfsáætlun eftir nýjum leiðum hefur tekið ansi mikinn toll af þreki og úthaldi undirritaðra.

Viljinn er alltaf fyrir hendi að gera vel og takast á við ný og gömul verkefni af áhuga og ánægju en það er spurning hvort ekki þurfi á meðan þetta ástand varir að fækka verkefnum og léttja störfin svo orkan geti farið í að eiga ánægjulega daga með börnunum og gera líf okkar afslappaðra.

